

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi fyrrum Helgafellssveitar vegna verslunar- og þjónustusvæðis og íbúðarbyggðar að Birkilundi, Sveitarfélaginu Stykkishólmi.

Skipulagsstofnun staðfesti 14. febrúar 2025 breytingu á aðalskipulagi fyrrum Helgafellssveitar 2012-2024 sem samþykkt var í bæjarráði 21. nóvember 2024.

Í breytingunni felst skilgreining á nýju 2,8 ha verslunar- og þjónustusvæði í landi Birkilundar með heimildir fyrir gististarfsemi með 75 gistirúmum og stækkun á íbúðarbyggð um 6,6 ha fyrir 4 nýjar íbúðarlóðir. Frístundarbyggð og landbúnaðarland minnka til samræmis.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 14. febrúar 2025.*

**Ólafur Árnason.**

B-deild – Útgáfudagur: 28. febrúar 2025